

*Minnisblað til sveitarfélaga í Uppsveitum Árnessýslu*

Reykholti, 23. maí 2023
2111042 AS

Efni: Ferðamálafulltrúi/byggðaþróunarfulltrúi

Í lok ársins 2021 var gerð breyting á fyrirkomulagi starfs ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu vegna úrsagnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps úr samstarfsverkefninu. Fór Ásborg Ósk Arnþórsdóttir þá úr 100% starfi í 80% starf fyrir Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp frá 1. janúar 2022 til 1. júlí 2023.

Á fundi oddvitaneftnar sem haldinn var 19. apríl 2023 var lagt til að samningurinn við Ásborgu yrði framlengdur og vilji Skeiða- og Gnúpverjahrepps til kostnaðarþáttöku kannaður. Vísað var til þess að talsveðrar breytingar væru framundan með tilkomu byggðaþróunarfulltrúa og að samfella þyrfti að vera í starfi ferðamálafulltrúa og byggðaþróunarfulltrúa og var Bláskógabyggð falið að vinna málið áfram og senda erindi á sveitarfélögin.

Ásborg er reiðubúin til að vera áfram í starfi fyrir sveitarfélögin, miðað við 80% starfshlutfall til næstu áramóta. Ásborg er í fjölmögum samstarfsverkefnum varðandi innviðauppbryggingu og fl. meðal annars á grundvelli vinnunnar við Gullna hringborðið. Mikilvægt er að ná að fylgja þeim eftir og þeim vexti sem má sjá í ferðaþjónustu eftir covid. Jafnframt er hún reiðubúin til að vera nýjum byggðaþróunarfulltrúa innan handar og tryggja samfelli milli verkefna sem tengjast starfi ferðamálafulltrúa og starfi byggðaþróunarfulltrúa. Nokkur skörun er á milli þeirra verkefna sem ferðamálafulltrúi hefur haft með höndum og verkefna sem skilgreind eru undir starf byggðaþróunarfulltrúa. Tekið skal fram að í fjárhagsáætlun vegna starfs ferðamálafulltrúa var gert ráð fyrir 80% starfshlutfalli út árið 2023.

Þessu tengt þarf að skoða nýja stöðu byggðaþróunarfulltrúa og taka afstöðu til þáttöku sveitarfélaganna í því verkefni. Meðfylgjandi eru samningsdrög vegna samstarfssamnings við SASS um byggðaþróunarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnessýslu. Sambærilegur samningur hefur einnig verið lagður fyrir sveitarstjórnir Rangárþings ytra og eystra. Samningarnir byggja á samningi SASS við Byggðastofnun um framlög til byggðaþróunar. Framlag SASS vegna samnings við sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu gæti að hámarki numið 7.500.000 kr miðað við heilt almanaksár. Samkvæmt upplýsingum frá SASS þá er framlaginu ætlað að standa undir 50% starfi.

Er hér með óskað eftir afstöðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps til þess að koma aftur inn í verkefnið um ferðamálafulltrúa Uppsveita frá og með 1. júlí nk. miðað við að samningur við Ásborgu verði framlengdur frá þeim tíma til næstu áramóta miðað við 80% starfshlutfall og að kostnaður skiptist að jöfnu á milli sveitarfélaganna. Einnig er óskað afstöðu Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps til þess að framlengja samninginn við Ásborgu til næstu áramóta, sbr. framangreint.

Bláskógabyggð er reiðubúin að hýsa verkefni ferðamálafulltrúa Uppsveita, eins og verið hefur (vera leiðandi sveitarfélag í samvinnu við oddvitaneftnd). Skrifstofukostnaður



verði reiknaður og innheimtur líkt og í öðrum samstarfsverkefnum í Uppsveitunum, líkt og samþykkt var í upphafi árs 2022.

Jafnframt er óskað eftir afstöðu sveitarfélaganna fjögurra í Uppsveitum Árnessýslu til þátttöku í verkefninu um byggðaþróunarfulltrúa, sem Bláskógabyggð er reiðubúin að hýsa með sama hætti og að framan greinir. Bláskógabyggð myndi þá gera samning við SASS um verkefnið og sveitarfélögin gera samning sín á milli um málið. Lagt er til að starfshlutfall byggðaþróunarfulltrúa verði 100% og undir það heyri, auk skilgreindar hlutverks byggðaþróunarfulltrúa, ferða- og kynningararmál og eftirfylgni með atvinnustefnu, auk mál sem tengjast fjölmenningu. Metið verði síðar hvort aukið verði við stöðugildið. Kostnaður sveitarfélaganna vegna verkefnisins gæti numið um 1,8 til 2,3 millj.kr. á árinu 2023. Lagt er til að kostnaður sveitarfélaganna skiptist jafnt á sveitarfélögin og að skrifstofukostnaður verði reiknaður og innheimtur líkt og í öðrum samstarfsverkefnum í Uppsveitunum.

Samþykki sveitarfélögin framangreint er lagt til að auglýst verði eftir byggðaþróunarfulltrúa og stuðst við auglýsingu Rangárþings ytra og eystra eftir slíkum fulltrúa. Formaður oddvitaneftnar og sveitarstjóri Bláskógabyggðar annist ráðningarárferlið.

Fylgigögn með þessu minnisblaði eru:

- Drög að samstarfssamningi með fylgiskjali 1 sem er samningur SASS við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf
- Verklagsreglur byggðaþróunarfulltrúa sem er fylgiskjal 2 við samstarfssamninginn
- Drög að atvinnuauglýsingu fyrir byggðaþróunarfulltrúa
- Afrit af auglýsingu eftir byggðaþróunarfulltrúa fyrir Rangárþingin

Virðingarfyllst,

Ásta Stefánsdóttir
 Ásta Stefánsdóttir
 Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

